

BESTI BITINN



„Ekki spurning, það er Osushi—the train. Þar er búið að eyða ansi miklum peningum, get ég sagt þér. Fjölbreytnin er alveg til fyrirmyndar þar og rúllurnar góðar.“

Pálína Gunnlaugsdóttir, landsliðskona í körfuknattleik.

Ekki efni í neina bakpokapeysu

Kristín Gunnarsdóttir setti íslenska ull á nýtt plan og blandaði við taílenskt silki.

„Vinkona mín er með gullsmíða-verkstæðið sitt í Taílandi, en þar er mikil silkiframleiðsla. Hún spurði mig einn daginn hvort það væri ekki hægt að gera eitthvað úr öllu þessu silki og þannig kviknaði þessi hugmynd,“ segir Kristín Gunnarsdóttir arkitekt, sem þróaði garnið Einrúm.

„Þetta er blanda af íslenskri ull og taílensku silki og kemur í tveimur stærðum. Fínna bandið er sambærilegt einbandi og það grófara minnir á íslenska lop-

ann.“ Kristín segist lengi hafa viljað taka íslenska lopann út fyrir rammann og viljað finna leið til þess að mýkja hann. „Einrúm er meira stílað inn á praktískan fatnað og þetta er meira fagað en lopinn sem við þekkjum. Ég myndi ekki segja að það væri útilægubragur á þessu.“ Garnið er gert í Ístex en Kristín sér um alla vörubrúun og er framleiðandi. Með garninu fylgja uppskriftir sem styðja við bandið.

„Ég vildi gera íslensku ullina

“Ég vildi gera íslensku ullina fagaðri og hef stílað uppskriftirnar inn á það.

Kristín Gunnarsdóttir

fagaðri og hef stílað uppskriftirnar inn á það. Einn viðskiptavinur minn sem þrjónaði sér peysu úr garninu sagði að þetta væri sko engin bakpokapeysa,“ segir Kristín og hlær.



VANDAÐ EJNI Kristín hefur þrjónað frá því hún var lítil stelpa í eldhúsinu hjá ömmu sinni og þekkir því íslensku ullina vel.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Quatro

ítalskir svefnsófar



QUATRO

Fást í þremur litum með slitsterku áklæði.

Vönduð dýna, stærð: 140x200 cm.

Fullt verð: 289.900 kr.

Tilboðsverð **231.920 kr.**



betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is

Faxafeni 5, Reykjavík, Sími 588 8477

Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 11-16

Dalsbraut 1, Akureyri, Sími: 558 1100 • Skeiði 1, Ísafirði, Sími 456 4566

Herra Hnetusmjör ein af vonarstjörnunum

Rapparin Herra Hnetusmjör hefur fangað athygli margra. Reynsluboltarnir í rappinu eru þess fullvissir að þessi átján ára Kópavogsbúi geti náð langt í faginu.

Rapparin Árni Páll Árnason, sem gengur undir nafninu Herra Hnetusmjör, hefur fangað athygli margra með frambærilegum lögum og skemmtilegu flæði. Fyrir helgina setti hann nýtt lag á vefinn Youtube, sem ber titilinn Hvítur bolur, gullkeðja. Nú þegar hefur lagið verið leikið í um fimm þúsund skipti af vefnum. „Viðtökurnar hafa verið alveg klikkaðar. Lagið var tekið upp í janúar og ég vann það með vini mínum Jóhanni Karlssyni, sem er betur þekktur sem Joe Frazier. Við ákváðum að gefa lagið út núna, við ætluðum að gera myndband við það en vorum orðnir óþreyjufullir og vildum leyfa fólki að heyra.“

Rapparin sjálfur er aðeins átján ára gamall og hefur stjarna hans skinið sífellt skærar undanfarið ár. „Ég er búinn að klifra mjög mikið. Ég finn alveg fyrir því að mörgum líkar vel við það sem ég er að gera.“

Mörgum þykir rapparin ungi vera ein af framtíðarstjörnum íslenskrar rapptónlistar. Eins og sjá má hér að neðan eru reynsluboltarnir í íslenska rappinu ákaflega hrifnir af Herra Hnetusmjöri. „Ég er þakklátur fyrir þann stuðning sem ég hef fengið. En ég finn samt ekki fyrir neinni pressu eða neitt svoléiðis. Ég geri bara mitt.“

Herra Hnetusmjör kemur frá Kópavogi og tilheyrir hópnum Kópboisentertainment, sem er skammstafað KBE. Rapparin er með skammstöfunina flúr-æða á handlegginn undir mynd af hnetusmjörskrukku. Þegar hann er spurður hvaðan nafnið kemur er svarið einfalt. „Hnetusmjör er best og ég er bestur,“ segir hann og hlær.



FRAMTÍÐIN Herra Hnetusmjör er ein af framtíðarstjörnum íslenskrar rapparinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Árni Páll hefur lagt rappið fyrir sig að fullu og er það hans eina starf um þessar mundir. Hann hefur verið duglegur að leika víða um land og hefur troðið upp með öðrum rappara úr Kópavogi, Erpi Eyvindarsyni. Þeir félagar hafa leikið á fjölda staða á höfuðborgarsvæðinu, farið nokkrum sinnum á Selfoss auk þess sem þeir fóru í svaðilförlu til Hafnar á Hornafirði í vetur. „Við vorum veðurteptir í fimm daga. Þetta var algjört þrot. En við gerðum það besta úr þessu; vorum bara í dagdrykkju og borðuðum humar á meðan.“

Nóg verður að gera hjá rapparanum í sumar. „Ég mun spila á Secret Solstice, hita upp fyrir Rae

“Ég er búinn að klifra mjög mikið. Ég finn alveg fyrir því að mörgum líkar vel við það sem ég er að gera.

Sremmurð og kem fram með Erpi sem hitar upp fyrir Snoop Dogg.“ Fleiri lög eru líka á döfni frá Herra Hnetusmjöri. „Við Joe Frazier munum gefa út lög saman í sumar. Erpur er núna úti á Kúbu og þegar hann kemur heim munum við gefa út sumarlagið í ár. Síðan kemur annað lag frá okkur undir titlinum Þori að veðja.“

kjartanati@frettabladid.is

HVAÐ SEGJA REYNSLUBOLTARNIR?

Fréttablaðið setti sig í samband við nokkra af reynsluboltum íslenskrar rapparinn og bað þá að segja álit sitt á Herra Hnetusmjöri.



Eyjólfur Eyvindarson, Sesar A

Hnetusmjörið er æska rapparinn. Hann er sverð og skjöldur Kópavogs. Mér finnst hann mjög efnilegur, sérstaklega miðað við hann er ungur. Hann er með mjög sveigjanlegt flæði, getur farið hratt og hægt sig niður. Svo má ekki gleyma félaganum Joe Frazier. Saman eru þeir eittraðir. Þeir eiga framtíðina fyrir sér.



Daníel Ólafsson, Danni Delux

Ég myndi segja að hann sé með þetta. Hann er „hrár spittari“, eins og við segjum. Það verður gaman að fylgjast með því hvert hann fer með þetta. Hann er með ákveðna eiginleika sem eru mjög ákjósanlegir og eiginlega fullkomin gleyma félaganum Joe Frazier. Saman eru þeir eittraðir. Þeir eiga framtíðina fyrir sér.



Gauti Peyr Máson, Emmsjé Gauti

Hann er ungur, graður og ferskur. Hann er að fara rétt að þessu, er að nálgast þetta á réttan hátt. Hann situr ekki heima hjá sér og grætur yfir því ef einhverjir fáir fíla hann ekki. Hann heldur frekar bara áfram. Hann er orðinn sýnilegur og verður enn sýnilegri á næstu misserum. Ég spái því að við eigum eftir að sjá mikið af honum. Svo má ekki gleyma Joe Frazier sem er með honum. Þeir eru flottir.



Erpur Eyvindarson, Blazroca

Hann er skemmtilegur, ferskur og ákaflega aktífur. Hann er fyndinn og beittur. Hann er mjög hungur, sem er mikill kostur. Hann er með gott flæði. Hann er nýjungagjarn en að sama skapi er hann líka í klassíkinni. Hann er með þetta.

SÍMAR AUGLÝSINGAEIÐDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Svanur Valgeirsson svanur@365.is ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401: Gústaf Bjarnason gustaf@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Hjördís Zoëga Hjördís@365.is, Sigfús Örn Einarsson sigfus@365.is, Svanhildur Ólív Þorsteinsdóttir svansti@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is FOLK/LÍFIÐ/SERBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorlaksdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is. FOLK OG SERBLÖÐ EJNI: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsson vera@365.is RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is